



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Umsóknarfrestur í Rannsóknasjóð Háskóla Íslands

Umsóknarfrestur til Rannsóknasjóðs háskólans er til **1. nóvember 2023**.

Hlutverk sjóðsins er að efla rannsóknastarfsemi Háskóla Íslands og geta fastir kennarar og sérfræðingar við háskólann sótt um fé úr sjóðnum til greiðslu kostnaðar við rannsóknir. Við mat á umsóknum er fyrst og fremst horft til vísindalegs gildis, stöðu þekkingar, markmiða, framkvæmdar og tímaáætlunar rannsóknar ásamt rannsóknavirkni umsækjenda.

**Vegna takmarkaðra fjármuna sjóðsins er aðeins unnt að styrkja eitt verkefni frá hverjum umsækjanda.** Styrkþegum er bent á að skila þarf lokaskýrslum vegna fyrri styrkveitinga eigi síðar en samhliða nýrri umsókn.

Vakin er athygli á breyttu fyrirkomulagi styrkja og að hægt er að sækja um styrk til allt að þriggja ára í senn, sjá nánar í „[Viðmið við úthlutun](#)“. Styrkþegar skila lokaskýrslu í lok styrktímabilsins en ekki er lengur krafist árlegrar framvinduskýrslu. Jafnframt er miðað við að styrkþegar sem fá 2-3 ára styrki sækji ekki um nýtt verkefni fyrr en í lok styrktímabilsins.

Ekki er nauðsynlegt að skila inn ritaskrá enda er mat á birtingum byggt á framtali starfa (miðað er við árin 2018-2022). Sérstaklega verður tekið tillit til birtinga á ritrýndum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

**Ófullnægjandi umsóknir hljóta ekki afgreiðslu.**

Umsóknum ber að skila rafrænt á [sérstöku eyðublaði](#).

Reglur sjóðsins og aðrar upplýsingar um sjóðinn er að finna á [vef Rannsóknasjóðs](#). Frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Vísinda- og nýsköpunarsviðs í Aðalbyggingu, ([rannsoknasjodir@hi.is](mailto:rannsoknasjodir@hi.is)).